

Ferðamálaráð Íslands
660. fundur haldinn þriðjudaginn 7. september 2004 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfrur Gylfi Pálmason, varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Dagur B. Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Ársæll Harðarson, forstöðumaður
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

Boðað var til þessa fundar í framhaldi af bréfi samgönguráðuneytisins. Þar er óskað umsagnar ráðsins um tillögu að þingsályktun um ferðamálaáætlun, sem stýrihópur hefur skilað ráðherra.

Ferðamálastjóri, sem er formaður umrædds stýrihóps, fór yfir vinnuferlið við gerð áætlunarinnar, uppbyggingu hennar og helstu áherslur.

Að loknum umræðum, þar sem fram komu ábendingar um nokkur áhersluatriði, sem þyrfti að skerpa frekar; m.a. lágönn, upplýsingamál og ráðstefnur og fundir var samþykkt að formaður og ferðamálastjóri gerðu tillögu að umsögn. Sú tillaga yrði send ráðsmönnum í tölvupósti og þess freistað að ganga þannig frá umsögn til ráðuneytis.

. fundur haldinn mánudaginn 16. ágúst 2004 kl. 16:00
Skrifstofum Akranesbæjar.

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfrur Gylfi Pálmason, varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Anna G. Sverrisdóttir, varafulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Ársæll Harðarson, forstöðumaður
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

1. Fundargerð 658. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Tölfræði ferðaþjónustunnar fyrri helming ársins. Kynning og umræða

Forstöðumaður markaðssviðs og ferðamálastjóri gerðu grein fyrir þeim upplýsingum sem fyrir liggja um umfang í ferðaþjónustu fyrri hluta ársins. Miðað við þær upplýsingar hafa umsvifin í öllum þáttum greinarinnar á landsvísu aukist verulega. Ákveðið var að þessar upplýsingar yrðu gerðar aðgengilegar á vef ráðsins. Í kjölfar kynningarinnar fór fram umræða þar sem minnt var á mikilvægi m.a. áframhaldandi fjárveitingar til kynningarmála, freakri uppbyggingu almenningssamgangna o.fl.

3. Dreift var á fundinum ársreikningi stofnunarinnar fyrir árið 2003

Samkvæmt honum er tekjuafgangur rúmlega 23 milljónir. Ferðamálastjóri skýrði tölur og sagði að verulegur hluti þess sem kæmi fram sem tekjuafgangur væri annars vegar vegna frestunar á umhverfisúrbótum og hins vegar vegna þess að reikningar frá nokkrum upplýsingamiðstöðvum hefðu ekki borist fyrr en á þessu ári vegna ársins 2003.

4. Kynning á ferðaþjónustu svæðisins

Rakel Kristjánsdóttir og Sigrún Ósk, sem vinna að atvinnu og markaðsmálum fyrir Akranesbæ kynntu ráðinu starfsemi sveitarfélagsins á sviði ferðaþjónustu. Í lok fundar fóru þær með ráðið í kynnisferð um Akranes.

Að loknum fundi og kynningu þáði ráðið kvöldverðarboð bæjarstjórnar Akraness

**. fundur haldinn miðvikudaginn 7. júlí 2004 kl. 16:00
Hótel Sögu**

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Gunnar Sigurðsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Dagur Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Hlynur Jónsson, fulltrúi SAF
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Ársæll Harðarson, forstöðumaður
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

**Um var að ræða afmælisfund, þar sem 7. júlí voru 40 ár liðin frá því
fyrsti fundur ráðsins var haldinn**

1. Fundargerð 657. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Ferðamálaráðstefnan á Kirkjubæjarklaustri

Ferðamálastjóri og forstöðumaður markaðssviðs gerðu grein fyrir hugmyndum að umræðuefni og fyrirkomulagi. Meginumræðuefnið verði: Þjóðhaglegt gildi ferðapjónustu. Leitað verði til Ásgeirs Jónssonar um framsögu. Þá verði leitað til tveggja erlendra aðila. Annars vegar til að ræða líklega þróun frá sjónarhóli opinberra aðila og hins vegar frá sjónarhóli rekstraraðila.

3. Ágústfundur á Akranesi

Ákveðið var að halda fundinn 16. ágúst. Samhliða fundi yrði ráðsmönnum kynnt ferðapjónusta svæðisins.

Fleira ekki tekið fyrir og að loknum fundi var móttaka ráðsins í tilefni af afmælisfundi.